

Reglur um greiðslu fatapeninga til starfsmanna FOSS hjá Hveragerðisbæ.

Samkvæmt grein 8.2.5 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS stéttarfélags í almannajónustu ber að útvega starfsmönnum leik- og grunnskóla tilgreindan fatnað til að nota við störf sín.

Í stað þess að Hveragerðisbær útvegi umræddan fatnað hefur verið ákveðið að greiða fasta upphæð á ári til starfsmanna gegn framvísun reiknings vegna fatakaupa.

Eftirfarandi reglur gilda um greiðslu fatapeninga hjá Hveragerðisbæ:

Starfsmenn sem eru í að lágmarki 20% stöðuhlutfalli og vinna í 4 mánuði eða lengur á almanaksárinu fá greidda fatapeninga vegna útlagðs kostnaðar við kaup á vinnufatnaði

Fatapeningar fyrir árið 2016 eru kr. 18.000,-.

Kostnaður vegna fatakaupa er endurgreiddur innan tveggja vikna eftir að reikningi fyrir kaupum á fatnaði hefur verið framvísað til skólastjóra.

Upphæð fatapeninga er ákvörðuð í fjárhagsáætlun hvers árs.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 10. mars 2016

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri